

Ed.

3. Frumvarp til laga

[3. mál]

um breyting á vegalögum nr. 34 22. apríl 1947.

(Lagt fyrir Alþingi á 70. löggjafarþingi, 1950.)

1. gr.

Úr 1. málsg. 14. gr. laganna falli burtu setningin „Telji vegamálastjóri ráðlegt, að sýslan kaupi slíkar vélar, greiðir ríkissjóður helming af verði vélanna, þar með talinn allur kostnaður við þær, komnar á ákvörðunarstað í sýslunni.“

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Tilgangurinn með lagabreytingu þessari er að fella burtu skyldu ríkissjóðs til þess að greiða helming af kostnaði við vélakaup þau, sem um ræðir í greininni, en það er á stórvirkum, vélknúnum tækjum til vegagerða, svo sem jarðýtu og skurðgröfu, þar sem reynslan hefur sýnt, að rekstur slíkra véla getur borið sig án sérstaks styrks eða framlags úr ríkissjóði.